



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM  
RESEARCH CENTRE



## BEINT FRÁ AKUREYRI

### LANDAMÆRAKÖNNUN MEÐAL ERLENDRA FERÐAMANNA VETURINN 2024-2025

EYRÚN JENNÝ BJARNADÓTTIR  
2025

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2025

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri  
Rafpóstur: [rmf@rmf.is](mailto:rmf@rmf.is)  
Veffang: [www.rmf.is](http://www.rmf.is)

Titill: Beint frá Akureyri: Landamæraökönun meðal erlendra ferðamanna veturinn 2024-2025  
Höfundur: Eyrún Jenný Bjarnadóttir

Kápa: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-04-2025  
ISBN: 978-9935-505-30-9  
ISSN: 1670-8857

Forsíðumynd: Farþegaþota á Akureyrarflugvelli © Myndabanki Markaðsstofa Norðurlands - Áfangastaðastofa

Öll réttindi áskilin. Samantekt þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

## EFNISYFIRLIT

|                                                            |    |
|------------------------------------------------------------|----|
| Inngangur.....                                             | 4  |
| Aðferð og framkvæmd.....                                   | 5  |
| Upplýsingar um svarendur.....                              | 6  |
| Ákvörðun um Íslandsferð.....                               | 7  |
| Bókun ferðar .....                                         | 8  |
| Endurkoma .....                                            | 8  |
| Tilgangur ferðar .....                                     | 9  |
| Ferðafélagar.....                                          | 9  |
| Ferðamáti.....                                             | 10 |
| Gistimáti .....                                            | 10 |
| Dvalarlengd á Íslandi.....                                 | 11 |
| Heimsóknir á Norður- og Austurland .....                   | 12 |
| Endurkoma á Norðurland .....                               | 12 |
| Dvalarlengd á Norðurlandi.....                             | 13 |
| Afþreying á Norðurlandi .....                              | 14 |
| Áfangastaðir á Norðurlandi .....                           | 15 |
| Norðurstrandarleið .....                                   | 16 |
| Demantshringurinn.....                                     | 16 |
| Upplifun af Norðurlandi.....                               | 16 |
| Mikilvægi beina flugsins.....                              | 17 |
| Endurkoma á Austurland .....                               | 18 |
| Dvalarlengd á Austurlandi.....                             | 18 |
| Afþreying á Austurlandi .....                              | 19 |
| Áfangastaðir á Austurlandi .....                           | 20 |
| Upplifun af Austurlandi.....                               | 21 |
| Aðgengi að ferðamannastöðum í vetraraðstæðum.....          | 21 |
| Útgjöld .....                                              | 22 |
| Meðmælaskor, hápunktur heimsóknar og aðrar ábendingar..... | 23 |
| Samantekt og lokaorð.....                                  | 24 |



## TÖFLU OG MYNDASKRÁ

|                                                                                       |    |
|---------------------------------------------------------------------------------------|----|
| Mynd 1 Bakgrunnur svarenda könnunarinnar og skipting eftir brottfararleiðum .....     | 6  |
| Mynd 2 Áhrifapættir í ákvörðun um Íslandsferð .....                                   | 7  |
| Mynd 3 Hve löngu fyrir brottför var ferðin bókuð .....                                | 8  |
| Mynd 4 Endurkoma og árstími .....                                                     | 8  |
| Mynd 5 Tilgangur ferðar .....                                                         | 9  |
| Mynd 6 Ferðafélagar .....                                                             | 9  |
| Mynd 7 Ferðamáti svarenda á Íslandi .....                                             | 10 |
| Mynd 8 Gistimáti svarenda á Íslandi .....                                             | 10 |
| Mynd 9 Dvalarlengd á Íslandi .....                                                    | 11 |
| Mynd 10 Dvöl á Norður- og Austurlandi .....                                           | 12 |
| Mynd 11 Endurkoma á Norðurland og árstími .....                                       | 12 |
| Mynd 12 Dvalarlengd á Norðurlandi .....                                               | 13 |
| Mynd 13 Afþreying á Norðurlandi .....                                                 | 14 |
| Mynd 14 Áfangastaðir á Norðurlandi .....                                              | 15 |
| Mynd 15 Fylgdu ferðamenn Norðurstrandarleið í ferðinni? .....                         | 16 |
| Mynd 16 Fylgdu ferðamenn Demantshringnum í ferðinni? .....                            | 16 |
| Mynd 17 Mat á heildarupplifun af Norðurlandi .....                                    | 17 |
| Mynd 18 Mikilvægi beina flugsins .....                                                | 17 |
| Mynd 19 Endurkoma á Austurland og árstími .....                                       | 18 |
| Mynd 20 Dvalarlengd á Austurland .....                                                | 18 |
| Mynd 21 Afþreying á Austurlandi .....                                                 | 19 |
| Mynd 22 Áfangastaðir á Austurlandi .....                                              | 20 |
| Mynd 23 Mat á upplifun af Austurlandi .....                                           | 21 |
| Mynd 24 Ánægja með aðgengi að ferðamannastöðum að vetri til .....                     | 21 |
| Mynd 25 Hlutfallsleg skipting heildarútgjalda á hvern einstakling .....               | 22 |
| Mynd 26 Sólarhringsútgjöld erlendra ferðamanna í beinu flugi frá Akureyri .....       | 22 |
| Mynd 27 Meðmælaskor erlendra ferðamanna í beinu millilandaflugi á Akureyri .....      | 23 |
| Mynd 28 Hápunktur ferðarinnar .....                                                   | 23 |
| Mynd 29 Ábendingar um það sem bæta þarf í ferðþjónustu á Norður- og Austurlandi ..... | 23 |



## Inngangur

Millilandaflug um Akureyri hefur verið í örri þróun. Um langt skeið hefur verið unnið að því á bæði á Norður- og Austurlandi að auka aðgengi að landshlutunum með beinum flugleiðum erlendis frá. Þessi vinna hefur notið stuðnings stjórnvalda enda hefur það lengi verið áhersla á að dreifa ferðamönnum betur um landið og í ferðamálastefnu og aðgerðaráætlun til 2030 er kveðið á um það að styrkja þurfi millilandaflug um Akureyri og Egilsstaði til að jafna dreifingu ferðamanna og styðja við verðmætasköpun allt árið um kring. Beint flug að vetri skapar tækifæri til að efla ferðaþjónustu utan suðvesturhornins.

Í þessari samantekt eru kynntar niðurstöður úr könnun sem Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) gerði meðal erlendra ferðamanna í beinu millilandaflugi frá Akureyrarflugvelli veturinn 2024-2025. Markmið könnunarinnar var að afla upplýsinga um ferðavenjur, útgjöld og upplifun ferðamanna sem nýttu sér beint millilandaflug frá Norðausturlandi að vetrarlagi. Sérstök áhersla var á að kanna hvort og hvernig beinar flugsamgöngur stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna og styrkingu ferðaþjónustu utan höfuðborgarsvæðisins yfir vetrarmánuðina. Könnunin var unnin í samstarfi við Isavia, Markaðsstofu Norðurlands og Austurbrú.

Könnunin fór fram á Akureyrarflugvelli frá desember 2024 og til loka apríl 2025. Á tímabilinu voru fjórar beinar flugleiðir frá Evrópu til Akureyrar. Lágðaldaflugfélagið EasyJet bauð upp á áætlunarflug tvisvar í viku frá Gatwick-flugvelli í London og Manchester frá nóvember til loka apríl 2025. Frá janúar til mars bauð hollenska ferðaskrifstofan Voigt Travel vikulegar ferðir frá Amsterdam í samstarfi við flugfélagið Transavia. Svissneska ferðaskrifstofan Kontiki stóð að vetrarferðum með beinu flugi frá Zürich í febrúar og mars 2025.

Samantektin hefst á inngangskafli þar sem gerð er grein fyrir tilgangi könnunarinnar. Því næst er fjallað um aðferðir, framkvæmd könnunar og úrvinnslu gagna. Niðurstöður eru settar þannig fram að fyrst eru sýnd svör um bakgrunn svarenda, þar á eftir koma niðurstöður sem varða Íslandsferðina; ákvarðanatöku, bókun, tilgang ferðar, gisti- og ferðamata og ferðafélaga. Að því loknu er dvöl og upplifun ferðamanna annars vegar á Norðurlandi og hins vegar á Austurlandi gerð skil áður en farið er yfir útgjöld. Í lokin eru kynntar niðurstöður um ánægju, meðmæli og athugasemdir þátttakenda sem varpa frekara ljósi á upplifun ferðamanna á leið þeirra um Norður- og Austurland. Að loknum niðurstöðukafla eru samantekt um niðurstöður könnunarinnar.

Sigrúnu Björk Jakobsdóttur og Svölu Rán Aðalbjörnsdóttur hjá Isavia er þakkað gott samstarf við undirbúning og fyrirlögn könnunarinnar á Akureyrarflugvelli. Vésteini Ingibergssyni hjá Hagstofu Íslands er einnig þakkað fyrir samráð við útfærslu og úrvinnslu gagna úr útgjaldaspurningum. Sérstakar þakkir fær Þórný Barðadóttir sérfræðingur hjá RMF fyrir samráð við undirbúning spurningalista og úrvinnslu gagna. Atvinnuvegaráðuneytinu er jafnframt þakkað fyrir stuðning við rannsóknina.

Síðast en ekki síst fá aðstoðarspyrlar á Akureyrarflugvelli, þau Rita, Sigrún, Þór, Mikael, Bergdís, Jóhann og Arnar þakkir fyrir einstakan dugnað við framkvæmd gagnaöflunar.



## Aðferð og framkvæmd

Könnunin var á stafrænu formi og lögð fyrir erlenda farþega í beinu millilandaflugi frá Akureyri til Bretlandseyja (London Gatwick og Manchester), Hollands (Amsterdam) og Sviss (Zürich) á tímabilinu desember 2024 til apríl 2025. Markmið hennar var að safna upplýsingum um ferðavenjur, dvalarlengd, útgjöld og upplifun erlendra ferðamanna sem heimsóttu Norður- og Austurland að vetrarlagi.

Spyrlar frá RMF voru staðsettir í brottfararsal Akureyrarflugvallar eftir öryggisleit og aðstoðuðu farþega við að svara könnuninni sem var sett upp á spjaldtölvum. Þátttaka í könnuninni var valkvæð. Könnunin var nafnlaus og svör ekki rekjanleg til einstakra þátttakenda. Spurningalistinn var á ensku og byggði á landamærakönnun Ferðamálastofu á Keflavíkurflugvelli en var stytur og aðlagður að vetrarferðalögum um Norður- og Austurland. Leitast var við að fá fram lýðfræðilegar upplýsingar, skipulag og ferðamynstur, heimsótt svæði og útgjöld á Íslandi. Útfærsla útgjaldaspurninga byggði á könnunum RMF um ferðavenjur og neyslu erlendra ferðamanna á landsbyggðinni og við úrvinnslu útgjaldagagna var haft samráð við Hagstofu Íslands.

Alls bárust um 906 svör. Þátttaka var best í flugum til Bretlands; 324 svör úr Gatwick-fluginu og 419 svör úr Manchester-fluginu. Þátttaka var lakari í flugunum til Amsterdam og Zürich, meðal annars vegna tungumálaörðugleika sem dró úr vilja til þátttöku. Í samantektinni eru niðurstöðurnar greindar eftir brottfararstað þ.e. Gatwick, Manchester, Amsterdam og Zürich. Svarendur sem fóru til Amsterdam (84 svör) og Zürich (79 svör) voru tiltölulega fáir. Þar sem þessir tveir hópar reyndust í flestum atriðum hvorki tölfraðilega né efnislega frábrugðnir var ákveðið að sameina þá í úrvinnslu niðurstaðna. Í lýsingu á bakgrunni svarenda (svo sem kyni, aldri og þjóðerni) er þó greint á milli brottfararstaða. Einnig eru tilgreind atriði þar sem svör þessara hópa reyndust frábrugðin, einkum varðandi gistimáta, ferðamáta, afþreyingu og ferðavenjur á Norðurlandi. Það skal áréttað að vegna fárra svara þarf að túlka niðurstöður fyrir þessar tvær flugleiðir með fyrirvara. Þær gefa frekar vísbendingar um ferðamynstur fremur en að um sé að ræða tölfraðilega marktækar niðurstöður sem hægt er að alhæfa út frá.

Af þeim 906 þátttakendum voru aðeins 89 sem höfðu heimsótt Austurland. Vegna fárra svara var ekki gert frekara niðurbrot á þeim og ber að skoða þær niðurstöður með varúð.

Ekki reyndist unnt að reikna nákvæmt svarhlutfall þar sem upplýsingar um skiptingu farþega eftir búsetu eða þjóðerni liggja ekki fyrir.

Að lokinni gagnaöflun voru svörin hreinsuð og unnin í SPSS og Excel. Við úrvinnslu var aðallega notast við lýsandi tölfraði og hlutfallsútreikninga. Í samantektinni eru niðurstöður settar fram í töflum og myndum eftir eðli spurninga.





## Upplýsingar um svarendur


Flestir þátttakendur voru búsettir í Bretlandi enda var meirihluti farþega í flugi til Gatwick og Manchester þaðan.

Um 54% svarenda voru konur og 46% voru karlar. Meðalaldur svarenda var 43 ár.

Flestir töldu heimilistekjur sínar vera lágar (44%) eða meðalháar (37%) miðað við almenning í heimalandinu. Hlutfall þeirra sem töldu sig með meðalháar tekjur var heldur hærra meðal farþega til Amsterdam og Zürich en meðal farþega til Bretlands.

Tæplega einn af hverjum tíu nýtti flugið sem hluta af lengra ferðalagi. Að öðru leyti virtust langflestir búa í grennd við flugvöllinn. Um 42% svarenda bjuggu innan við 60 km frá þeim flugvelli sem þeir fóru frá. Farþegar til Manchester voru líklegri til að búa nálægt flugvöllinum (innan við 30 km frá flugvelli) en farþegar til Gatwick bjuggu oftar lengra frá.

Flestir farþegar á leið til Zürich og Amsterdam voru, líkt og þeir sem fóru til Bretlands, búsettir í því landi sem flogið var til, þ.e. Sviss og Hollandi. Konur voru í meirihluta í báðum hópum (58% frá Zürich og 54% frá Amsterdam). Aldur svarenda var að jafnaði hærri en hjá farþegum í Bretlandsflugi, meðalaldur í Zürich var 51,6 ár og í Amsterdam 48,4 ár.



Mynd 1 Bakgrunnur svarenda könnunarinnar og skipting eftir brottfararleiðum. Fjöldi svarenda er í sviga.



## Ákvörðun um Íslandsferð


Spurning: Að hve miklu eða litlu leyti höfðu eftirfarandi þættir áhrif á ákvörðun þína um að heimsækja Ísland?

Fjöldi svara 895-898. Svarhlutfall 99%

Um eða yfir 86% farþega sögðu að náttúra landsins eða tiltekin náttúrufyrirbæri hefðu haft mikil áhrif á ákvörðun þeirra um að heimsækja Ísland. Beint flug til Akureyrar skipti miklu máli sem og áhugi á norðurslóðum og kalt loftslag skipti einnig marga máli. Þættir eins og verðtilboð eða ódýrt flug, meðmæli frá ættingjum, vinum eða vinnufélögum sem og afþreying tengd náttúru<sup>1</sup> höfðu minna vægi í ákvörðunarferlinu.

Nokkur munur var á svörum eftir brottfararleiðum. Fyrir utan náttúru landsins hafði beint flug, gott verð eða ódýrt flug mest áhrif meðal farþega á leið til Manchester. Náttúran og áhugi á norðurslóðum og köldu loftslagi stóðu upp úr meðal fólks á leið til Amsterdam og Zürich. Beint flug og verðtilboð skiptu þennan hóp hins vegar minna máli.

Svör farþega til Gatwick voru að mestu leyti í takti við meðaltal heildarhópsins. Þar vógu beint flug og náttúra landsins þungt í ákvörðunarferlinu en áhugi á norðurslóðum var aðeins minni en hjá öðrum hópum.



Mynd 2 Áhrifaþættir í ákvörðun um Íslandsferð. Myndin sýnir hlutfall svarenda sem taldi hvern þátt skipta miklu máli fyrir ákvörðun

<sup>1</sup> Afþreying tengd náttúru nær t.d. til gönguferða, skíða, jökla- eða vélsleðaferða, hvalaskoðunar, baða og heilsulinda.





## Bókun ferðar

Spurning: Hve löngu fyrir brottför var ferðin bókuð? Fjöldi svara 895. Svarhlutfall 99%

Flestir höfðu bókað ferðina einum til fjórum mánuðum fyrir ferðina en nokkur munur var milli brottfararstaðanna. Farþegar á leið til Zürich og Amsterdam voru líklegri til að bóka með löngum fyrirvara.


Farþegar á leið til Manchester og Gatwick voru aftur á móti líklegri til að bóka með styttri fyrirvara. Þar kom fram hærra hlutfall bókana innan tveggja vikna eða tveggja til fjögurra vikna fyrir brottför. Bókanir með minna en tveggja vikna fyrirvara voru tiltölulega sjaldgæfar (8%) en tíðari meðal farþega til Manchester (10%) og Gatwick (7%).

## Endurkoma


Spurning a: Hefur þú komið áður til Íslands fyrir þessa ferð? Fjöldi svara 904. Svarhlutfall 100%

Spurning b: Á hvaða árstíma hefur þú komið áður til Íslands? Fjöldi svarenda 481<sup>2</sup>

Rúmlega helmingur svarenda (53%) hafði komið áður til Íslands. Hlutfall endurkomugesta var hæst meðal farþega á leið til Amsterdam og Zürich (64%). Flestir (65%) þeirra sem höfðu komið til Íslands áður höfðu komið að vetri til. Áberandi munur var meðal farþega á leið til Amsterdam og Zürich þar sem 37% höfðu komið að hausti og 34% um vor.



Mynd 3 Hve löngu fyrir brottför var ferðin bókuð



Mynd 4 Endurkoma og árstími


<sup>2</sup> Fjöldi svara miðast við þá svarendur sem höfðu komið áður til Íslands. Þar sem svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.



## Tilgangur ferðar

Spurning: Hver var megintilgangur heimsóknar þinnar til Íslands? Fjöldi svara 906. Svarhlutfall 100%

Langflestir, eða um 90%, komu til Íslands í frí. Um 6% komu til að heimsækja vini eða ættingja og enn færri (4%) nefndu atvinnu, menntun, viðskipti eða ótilgreint<sup>3</sup>. Hlutfall þeirra sem voru í frí var hæst meðal farþega á leið til Amsterdam og Zürich (95–96%). Um fjórðungur þeirra sem voru á leið til Amsterdam (24%) var í skipulagðri hópferð en þetta hlutfall var mun lægra í Bretlandsfluginu og til Sviss.




Mynd 5 Tilgangur ferðar

## Ferðafélagar

Spurning: Með hverjum ferðaðist þú um Ísland? Fjöldi svarenda 899<sup>4</sup>

Flestir ferðuðust með maka eða fjölskyldu en dreifing svara um ferðafélaga var svipuð á öllum brottfaraleiðum. Um 20% voru á ferð með vinum og um 5-7% svarenda voru einir á ferð. Um 15% svarenda á leið til Amsterdam og Zürich voru í hóp en þar munaði nokkuð á svörum þar sem hlutfallið var hærri meðal farþega til Amsterdam. Vegna fárra svara ber þó að túlka þessa niðurstöður með varúð.



Mynd 6 Ferðafélagar

<sup>3</sup> Við úrvinnslu gagna voru svarflokkarnir *Tímabundin eða árstíðabundin vinna, Ráðstefna, námskeið, sýning eða viðburður, Menntun og Aðrar ástæður* sameinaðir í *Atvinna, menntun, viðskipti, annað*.


<sup>4</sup> Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.



## Ferðamáti

Spurning: Hvernig ferðaðist þú um landið? Fjöldi svarenda 905<sup>5</sup>

Flestir höfðu farið um landið á bílaleigubíl (51%) eða tekið þátt í skipulagðri hópferð (30%). Nokkur munur var þó milli brottfararstaða. Farþegar á leið til Manchester voru líklegri en aðrir til að nota leigubíla (26%) og fara í áætlunarferðir (19%). Um 51% svarenda á leið til Amsterdam og Zürich fóru í skipulagða hópferð en svörin benda til innbyrðis mismunar; fleiri farþegar til Amsterdam voru í hópferð á meðan farþegar til Zürich voru frekar á bílaleigubíl. Vegna fárra svara ber þó að túlka þessar niðurstöður með varúð.




Mynd 7 Ferðamáti svarenda á Íslandi

## Gistimáti

Spurning: Hvers konar gistimáta nýttir þú þér á ferð þinni um landið?

Fjöldi svarenda 906<sup>6</sup>

Flestir gistu á hóteli (50%) eða í bústað/einkaleigu (27%). Munur milli staða var lítill en athygli vekur að 67% farþega til Amsterdam og Zürich gistu á hóteli. Farþegar til Amsterdam voru líklegri til að velja hótél á meðan farþegar til Zürich völdu fjölbreyttari gistikosti.



Mynd 8 Gistimáti svarenda á Íslandi

<sup>5</sup> Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.

<sup>6</sup> Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.




## Dvalarlengd á Íslandi

Spurning: Hvað gistir þú margar nætur á Íslandi? Fjöldi svara 883. Svarhlutfall 97%

Flestir svarendur dvöldu í þrjár (29%) eða fjórar (32%) nætur á Íslandi sem endurspeglar að mestu leyti flugáætlun vetrarins í beina fluginu til og frá Akureyri. Rúmur fjórðungur (26%) dvaldi í eina viku. Meðaldvalarlengd var 5,2 nætur en nokkur munur var milli brottfararstaða. Farþegar í Bretlandsflugi voru almennt í styttri ferðum; þrjár nætur meðal farþega til Manchester (44%) og fjórar til Gatwick (43%).

Dvöl farþega til Amsterdam og Zürich var að jafnaði lengri eða um sjö nætur. Svardreifingin þar var minni samanborið við Bretlandsflugið (staðalfrávik 1,4) og dvaldi meirihluti þessara farþega í eina viku. Þó var einnig lítill hópur sem dvaldi átta nætur eða lengur.



Mynd 9 Dvalarlengd á Íslandi




## Heimsóknir á Norður- og Austurland

Spurning: Dvaldir þú á Norðurlandi eða Austurlandi? Fjöldi svara 906. Svarhlutfall 100%

Langflestir svarendur (88%) dvöldu eingöngu á Norðurlandi og fáir heimsóttu Austurland, eða 89 af öllum svarendum könnunarinnar. Um 10% sögðust hafa dvalið bæði á Norður- og Austurlandi. Aðeins 2% sögðust hvorki hafa verið á Norðurlandi né Austurlandi. Dreifing svara var sambærileg á milli brottfararstaða þó hlutfall þeirra sem heimsóttu bæði Norðurland og Austurland hafi verið örlítið hærra meðal þeirra sem fóru til Amsterdam og Zürich (13%). Þessi hópur var þó tiltölulega fámennur.

Um níu af hverjum tíu svarendum könnunarinnar höfðu ekki í aðra landshluta en Norður- og Austurland. Ferðamenn sem fóru í aðra landshluta fóru helst á Suðurlandi (4%) og á höfuðborgarsvæðið (5%).




Mynd 10 Dvöl á Norður- og Austurlandi

## Endurkoma á Norðurland

Spurning a: Hefur þú komið áður á Norðurland fyrir þessa ferð? Fjöldi svara 882<sup>7</sup>. Svarhlutfall 99%

Spurning b: Á hvaða árstíma hefur þú komið áður á Norðurland? Fjöldi svarenda 193<sup>8</sup>

Langflestir (78%) höfðu ekki komið áður á Norðurland sem bendir til að um nýjan hóp ferðamanna hafi verið að ræða. Hlutfall þeirra sem höfðu komið áður var hæst meðal farþega í Manchester-fluginu (24%) og lægst meðal þeirra sem fóru til Gatwick (18%) en hafa ber í huga að um tiltölulega fá svör að ræða. Flestir þeirra sem höfðu komið áður á Norðurland höfðu komið yfir vetrartímann (56%), öllu færri höfðu komið að sumri til (43%).



Mynd 11 Endurkoma á Norðurland og árstími

<sup>7</sup> Aðeins svarendur sem höfðu dvalið á Norðurlandi fengu spurninguna, svarhlutfall miðast við þann hóp.

<sup>8</sup> Fjöldi svara miðast við þá svarendur sem höfðu komið áður á Norðurland. Þar sem svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.




## Dvalarlengd á Norðurlandi

Spurning: Hvað gistir þú margar nætur á Norðurlandi? Fjöldi svara 865. Svarhlutfall 97%

Langflestir svarendur dvöldu í þrjár (30%) eða fjórar (32%) nætur á Norðurlandi og var meðaldvalarlengd 4,6 nætur. Þetta er svipað og heildardvöl á Íslandi (5,2 nætur sbr. mynd 9) sem bendir til þess að flestir hafi varið stærstum hluta ferðar sinnar á Norðurlandi og fáir hafi farið út fyrir landshlutann.

Sömu dvalarmynstur milli hópa voru á Norðurlandi og á Íslandi. Þannig voru farþegar í Bretlandsflugi almennt í styttri ferðum og farþegar til Amsterdam og Zürich voru í lengri ferðum.




Mynd 12 Dvalarlengd á Norðurlandi



## Afþreying á Norðurlandi

Spurning: Hvers konar afþreyingu tókstu þér fyrir hendur á Norðurlandi? Fjöldi svarenda 883<sup>9</sup>

Jarðhita- og náttúruböð (75%), heimsókn á veitingastaði (68%), hvalaskoðun (44%) og ljósmyndun (37%) var það sem svarendur tóku sér helst fyrir hendur á Norðurlandi. Margir höfðu einnig farið í göngu án leiðsagnar (32%), matarsmökkun (27%), í sund (26%) og á söfn (25%). Dreifing var að mestu svipuð á milli flugleiða en farþegar á leið til Amsterdam og Zürich voru oftari í vetrarafþreyingu<sup>10</sup> og í skoðunarferðum með rútu og bátsferðir. Svarendur í Amsterdam-fluginu sóttu frekar í skipulagðar ferðir á meðan svarendur í Zürich-fluginu nýttu sér meira veitingastaði, ljósmyndun og gönguferðir án leiðsagnar. Hafa ber þó í huga að um var að ræða tiltölulega fá svör og skal því ekki draga of víðtækar ályktanir um mun milli þessara tveggja hópa.



Mynd 13 Afþreying á Norðurlandi

<sup>9</sup> Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.

<sup>10</sup> Vetrarafþreying nær til vélsleða, snjóþrúgna, torfærubíla o.fl.






## Áfangastaðir á Norðurlandi

Spurning: Hvaða staði á Norðurlandi sóttir þú heim í ferðinni? Fjöldi svarenda 887<sup>11</sup>

Akureyri (98%), Goðafoss (67%) og Mývatn (60%) voru helstu staðirnir á Norðurlandi sem voru heimsóttir. Um þriðjungur fór til Húsavíkur (37%) og tæpur fjórðungur til Siglufjarðar (24%). Aðrir staðir voru nefndir sjaldnar. Svör farþega í Bretlandsflugunum voru almennt svipuð meðaltalinu. Farþegar á leið til Amsterdam og Zürich fóru frekar að Dettifossi (48% samanborið við 19–25% í öðrum hópum) og til Húsavíkur (50% samanborið við 32–38%). Þeir höfðu einnig frekar komið til Siglufjarðar (39%) og að Mývatni (89%) en farþegar sem flugu til Bretlands. Innbyrðis voru farþegar til Zürich líklegri en þeir á leið til Amsterdam til að heimsækja fleiri áfangastaði á Norðurlandi.



Mynd 14 Áfangastaðir á Norðurlandi


<sup>11</sup> Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.



## Norðurstrandarleið

Spurning: Fylgdir þú Norðurstrandarleið meðan þú varst á Norðurlandi? Fjöldi svara 887. Svarhlutfall 100%<sup>12</sup>

Um þriðjungur svarenda (33%) sagðist hafa fylgt Norðurstrandarleið meðan á dvölinni á Norðurlandi stóð en 43% höfðu ekki fylgt henni. Um fjórðungur (24%) svarenda hafði ekki heyrt um leiðina. Hópurinn sem flaug til Amsterdam og Zürich var líklegastur til að hafa fylgt leiðinni (48%). Að öðru leyti var lítill munur á svörum hópanna.




Mynd 15 Fylgdu ferðamenn Norðurstrandarleið í ferðinni?

## Demantshringurinn

Spurning: Fylgdir þú Demantshringnum meðan þú varst á Norðurlandi? Fjöldi svara 883. Svarhlutfall 99%<sup>13</sup>

Um þriðjungur svarenda (33%) sagðist hafa fylgt Demantshringnum, 46% fylgdu honum ekki og 21% höfðu ekki heyrt um hann. Líkt og með Norðurstrandarleiðina voru farþegar á leið til Amsterdam og Zürich líklegastir til að hafa fylgt Demantshringnum (38%) en annars var lítill munur milli hópa.



Mynd 16 Fylgdu ferðamenn Demantshringnum í ferðinni?

<sup>12</sup> Aðeins svarendur sem höfðu dvalið á Norðurlandi fengu spurninguna, svarhlutfall miðast við þann hóp.


<sup>13</sup> Aðeins svarendur sem höfðu dvalið á Norðurlandi fengu spurninguna, svarhlutfall miðast við þann hóp.



## Upplifun af Norðurlandi

Spurning: Hvernig metur þú heildarupplifun þína af Norðurlandi? Fjöldi svara 885. Svarhlutfall 100%<sup>14</sup>

Heildarupplifun á Norðurlandi var afar jákvæð. Meirihluti svarenda (81%) sagði dvölina vera frábæra og 17% sögðu hana yfir meðallagi. Lítið var um neikvæð svör. Dreifing milli brottfararstaða var að mestu svipuð en svarendur á leið til Amsterdam og Zürich voru síður á því að upplifunin hefði verið frábær samanborið við farþega í Bretlandsflugunum og voru frekar á því að hún hefði verið yfir meðalagi.




Mynd 17 Mat á heildarupplifun af Norðurlandi

## Mikilvægi beina flugsins

Spurning a: Hefðirðu komið á Norðurland ef ekki hefði verið fyrir beina flugið? Fjöldi svara 889. Svarhlutfall 98%

Spurning b: Hefðirðu komið á Austurland ef ekki hefði verið fyrir beina flugið? Fjöldi svara 84. Svarhlutfall 94%<sup>15</sup>

Beint millilandaflug hafði greinileg áhrif á komu svarenda á Norður- og Austurland. Um helmingur svarenda sagðist líklega eða alls ekki hafa komið án beina flugsins. Munurinn var skýrastur meðal þeirra sem voru á leið til Bretlands þar sem yfir 40% voru á því að þeir hefðu líklega ekki komið. Farþegar í Amsterdam- og Zürich- flugum voru hins vegar líklegri til að segja að þeir hefðu komið hvort sem væri.



Mynd 18 Mikilvægi beina flugsins

<sup>14</sup> Aðeins svarendur sem höfðu dvalið á Norðurlandi fengu spurninguna, svarhlutfall miðast við þann hóp.

<sup>15</sup> Aðeins svarendur sem höfðu dvalið á Austurlandi fengu spurninguna, svarhlutfall miðast við þann hóp.



## Endurkoma á Austurland

Spurning a: Hefur þú komið áður á Austurland fyrir þessa ferð? Fjöldi svara 86<sup>16</sup>. Svarhlutfall 97%


Spurning b: Á hvaða árstíma hefur þú komið áður á Austurland? Fjöldi svarenda 25<sup>17</sup>

Meirihluti svarenda (71%) hafði ekki komið áður á Austurland en 29% höfðu heimsótt svæðið áður. Af þeim sem höfðu komið áður höfðu flestir komið að vetri.


## Dvalarlengd á Austurlandi

Spurning: Hvað gistir þú margar nætur á Austurlandi? Fjöldi svara 78. Svarhlutfall 88%

Meðaldvalarlengd á Austurlandi var 2,2 nætur sem er styttra en á Norðurlandi. Um 29% þátttakenda gistu ekki í landshlutanum sem bendir til þess að þessi hópur hafi komið í dagsferð á svæðið. Um 18% dvöldu þar eina nótt og jafnhátt hlutfall gisti þrjár nætur. Færri dvöldu lengur og aðeins 8% höfðu verið sex nætur eða lengur.



Mynd 19 Endurkoma á Austurland og árstími



Mynd 20 Dvalarlengd á Austurland

<sup>16</sup> Aðeins svarendur sem höfðu dvalið á Austurlandi fengu spurninguna, svarhlutfall miðast við þann hóp.


<sup>17</sup> Fjöldi svara miðast við þá svarendur sem höfðu komið áður á Austurland. Þar sem svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.



## Afþreying á Austurlandi

Spurning: Hvers konar afþreyingu tókstu þér fyrir hendur á Austurlandi? Fjöldi svarenda 78<sup>18</sup>

Ganga án leiðsagnar (51%) var algengasta afþreyingin á Austurlandi og raunar hlutfallslega algengari en á Norðurlandi þar sem 33% fóru í slíka göngu. Næst á eftir komu jarðhita- og/eða náttúruböð (41%) veitingahús (40%) og ljósmyndun (33%). Aðeins örfáir höfðu sótt menningarviðburði (4%), bæjarhátíð (1%) eða farið á hestbak (4%).



Mynd 21 Afþreying á Austurlandi


<sup>18</sup> Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.



## Áfangastaðir á Austurlandi

Spurning: Hvaða staði á Austurlandi sóttir þú heim í ferðinni? Fjöldi svarenda 88<sup>19</sup>

Egilsstaðir (68%), Hengifoss (35%) og Stuðlagil (31%), Gufufoss (27%) og Seyðisfjörður (26%) voru helstu staðirnir á Austurlandi sem voru heimsóttir. Aðrir staðir voru nefndir sjaldnar, þar á meðal Djúpvogur, Fáskrúðsfjörður, Stöðvarfjörður og Vopnafjörður (11%).



Mynd 22 Áfangastaðir á Austurlandi

<sup>19</sup> Svarendur gátu merkt við fleiri en eitt svar og því getur samanlagt hlutfall farið yfir 100%. Svarhlutfall er því ekki reiknað.



## Upplifun af Austurlandi


Spurning: Hvernig metur þú heildarupplifun þína af Austurlandi? Fjöldi svara 80. Svarhlutfall 90%<sup>20</sup>

Heildarupplifun á Austurlandi var, eins og á Norðurlandi, jákvæð. Meirihluti svarenda (66%) sögðu dvölinna hafa verið frábæra og 24% taldi hana yfir meðallagi. Eins og á Norðurlandi var lítið um neikvæð svör.


## Aðgengi að ferðamannastöðum í vetraraðstæðum

Spurning: Hversu ánægð/ur/t ertu með aðgengi að ferðamannastöðum á Norður- og Austurlandi í vetraraðstæðum (t.d. snjóhreinun, ástand vegna og aðgengi)? Fjöldi svara 875. Svarhlutfall 97%

Flestir þátttakendur voru ánægðir með aðgengi að ferðamannastöðum á Norður- og Austurlandi við vetraraðstæður. Um tveir af hverjum þremur svarendum (68%) lýstu mikilli ánægju með alla staði sem þeir heimsóttu og var lítill munur á svörum eftir flugleiðum. Um 25% sögðu að aðgengi hefði almennt verið gott en erfitt eða takmarkað á einstaka stöðum, einkum vegna vetraraðstæðna. Hlutfall þeirra sem var á þessari skoðun var örlítið hærra meðal farþega á leið til Amsterdam og Zürich (31%) en í Bretlandsfluginu. Einungis lítill hluti svarenda (5%) var ánægður en taldi þó aðgengi vegna snjóhreinunar og færðar hafa verið mismunandi. Aðeins 1% töldu aðgengi hafa verið takmarkað vegna skorts á snjóhreinun og erfiðra aðstæðna.



Mynd 23 Mat á upplifun af Austurlandi



Mynd 24 Ánægja með aðgengi að ferðamannastöðum á Norður- og Austurlandi að vetri til

<sup>20</sup> Aðeins svarendur sem höfðu dvalið á Austurlandi fengu spurninguna, svarhlutfall miðast við þann hóp.




## Útgjöld


Spurning um útgjöld er sett fram í nokkrum liðum þar sem spurt er um fjölda einstaklinga sem greitt er fyrir, gjaldmiðil útgjalda og útgjaldaflokka. Fjöldi þeirra sem veitti svör við útgjaldaliðum 425-626. Svarhlutfall 47-69%

Mynd 25 sýnir hlutfallslega skiptingu heildarútgjalda eftir útgjaldaflokkum. Hjá öllum hópum fór stærsti hluti útgjalda í kostnað sem greiddur var áður en ferðin hófst (s.s. flugfargjöld, fyrirfram bókaða gistingu, eða ferðir), að jafnaði 109.000 kr. á hvern einstakling. Hlutfallið var hæst hjá þeim sem voru á leið til Amsterdam eða Zürich, um 55% af heildarútgjöldum voru greidd áður en ferðin var farin.

Dagleg útgjöld erlendra ferðamanna á hvern einstakling námu að meðaltali 31.463 krónum<sup>21</sup> (mynd 26). Munur á útgjöldum eftir brottfararstað var almennt ekki mikill en ferðamenn í Manchester-fluginu eyddu þó mest að meðaltali, tæplega 34.000 krónum á dag og þau sem voru á leið til Amsterdam og Zurich eyddu um 27.000 á dag. Stærstu einstöku útgjaldaliðirnir á hvern einstakling á sólarhring voru gisting (10.066 kr.), afþreying (7.089 kr.) og veitingar (6.164 kr.).



Mynd 25 Hlutfallsleg skipting heildarútgjalda á hvern einstakling



Mynd 26 Sólarhringsútgjöld erlendra ferðamanna í beinu flugi frá Akureyri

<sup>21</sup> Útgjöld í erlendra mynt var umreiknuð í íslenskar krónur miðað við miðgengi Seðlabanka Íslands 17. febrúar 2025, á miðju tímabili könnunarinnar. Útreikningar byggja á gildum svörum fyrir hvern útgjaldaflökk; tómir reitir voru ekki meðtaldir en svör þar sem 0 kr. voru skráðar voru tekin gild.





## Meðmælaskor, hápunktur heimsóknar og aðrar ábendingar

Spurning a: Á kvarða frá 0-10 hversu líklegt er að þú mælist með Íslandi sem áfangastað við vini, fjölskyldu eða samstarfsfólk? Fjöldi svara 899.

Svarhlutfall 99%

Spurning b: Hver var hápunktur ferðar þinnar? Fjöldi svara 848

Spurning c: Hvaða telur þú að þurfi að bæta í ferðabjónustu á Norður- og Austurlandi? Fjöldi svara 381


Rétt tæplega 80% svarenda sögðu líklegt að þeir myndu mæla með Íslandi sem áfangastað en um 2% töldu það ólíklegt. Meðmælaskor<sup>22</sup> farþega í beinu millilandaflugi frá Akureyri veturinn 2024-2025 mældist því +79,8. Meðmælaskorið var svipað meðal farþega á öllum brottfararleiðunum.

Hápunktur ferðarinnar hjá langflestum svarendum voru norðurljósin. Bóð, náttúrulegar og hvalaskoðun voru oft nefnd. Margir töldu ósnortið og náttúrulegt umhverfi vera mikilvægan hluta af upplifuninni og nefndu gjarnan náttúruperlur á borð við Dettifoss og Goðafoss. Einnig lýstu margir ánægju með kyrrð, landslag og hlýlegt viðmót heimamanna eða nefndu að allt ferðalagið hafi verið hápunktur í sjálfu sér (mynd 28).


Þótt meðmælaskorið hafi verið jafn hátt og raun ber vitni komu einnig fram ýmsar ábendingar um það sem mætti bæta í ferðapjónustu á Norður- og Austurlandi. Flestir svarendur nefndu atriði sem sneru að samgöngum (s.s. skorti á almenningssamgöngum, takmörkuðum tengingum frá flugvelli og ótryggar leiðir á veturna), háu verðlagi á mat og ferðum, takmörkuðum opnunartíma yfir vetrartímann og skorti á miðlægum og réttum upplýsingum. Í sumum tilfellum var kallað eftir meiri snjómokstri og hálkuvörnum við ferðamannastaði. Nokkrir óskuðu eftir meira framboði á íslenskum mat, menningu og meiri afþreyingu fyrir þá sem ekki ferðast um á bíl. Í mörgum svörum var óskað eftir meira framboði á beinu millilandaflugi til Akureyrar allt árið (mvnd 29).



Mynd 28 Hápunktur ferðarinnar - orðaský af svörum við opinni spurningu



Mynd 27 Meðmælaskor erlendra ferðamanna í beinu millilandaflugi á Akurevri veturinn 2024-2025



Mynd 29 Ábendingar um það sem bæta þarf í ferðþjónustu á Norður- og Austurlandi - orðaský af svörum við opinni spurningu

<sup>22</sup> Meðmælaskor (e. Net Promoters Score, NPS) er mælikvarði sem metur hversu líklegt er að viðkomandi mæli með ákveðinni þjónustu eða upplifun með einkunn á kvarða frá 0 til 10 þar sem 0 er alls ekki líklegt og 10 er mjög líklegt. Svarendur sem gefa einkunnina 9 eða 10 teljast hvetjendur (e. promoters), þau sem gefa 7 eða 8 eru hlutlausir (e. passives) og þau sem gefa 0 til 6 teljast letjendur (e. detractors). Meðmælaskorið skorið getur spannað allt frá -100 til +100 og er reiknað með því að draga hlutfall letjenda frá hlutfalli hvetjenda.



## Samantekt og lokaorð

Þessi könnun meðal erlendra farþega í beinu millilandaflugi frá Akureyri veturinn 2024–2025 bendir til þess að beint flug getur stuðlað að aukinni dreifingu ferðamanna og eftir ferðþjónustu utan suðvesturhorns landsins. Meirihluti þátttakenda kom til landsins í frii og dvaldi nær alfarið á Norðurlandi og að hluta á Austurlandi. Meðaldvalarlengd var yfirleitt fjórar til fimm nætur en farþegar á leið til Amsterdam og Zürich voru oftast í lengri ferðum, að jafnaði í viku. Farþegar á leið til Bretlands dvöldu skemur og voru líklegri til að ferðast um svæðið á eigin vegum.

Í ákvörðunarferlinu vegur beint flug þungt, sérstaklega í Bretlandsflugi, þar sem stór hluti svarenda taldi að hann hefði líklega ekki komið á Norður- og Austurland nema vegna flugtengingarinnar. Flugið dregur úr flækjustigi og öðrum hindrunum sem mögulega hefðu ella dregið úr ferðavilja. Á sama tíma höfðu verðtilboð og lágt verð lítið vægi í ákvörðun flestra. Þetta bendir til að ferðin hafi ekki verið drifin áfram af kostnaði heldur áhuga á náttúru Íslands og vetrarupplifun, þar á meðal norðurljósum og landslagi norðursins. Flugið opnar þannig dyr að ákveðinni tegund ferðalags en það eru eiginleikar svæðisins sem kveikja ferðaviljann og móta upplifunina.

Svarendur könnunarinnar dvöldu fyrst og fremst á Norðurlandi og helstu viðkomustaðir þeirra voru Akureyri, Goðafoss og Mývatn. Þeir tóku þátt í fjölbreyttri afþreyingu á borð við náttúruböð, hvalaskoðun og gönguferðir. Upplifunin var almennt mjög jákvæð og meðmælaskor hátt. Þátttakendur lýstu þó einnig óánægju með atriði á borð við skort á almenningssamgöngum, hátt verðlag, takmarkaðan opnunartíma yfir veturinn og ófullnægjandi upplýsingagjöf. Tiltölulega fáir heimsóttu Austurland og þar var dvalartími

að jafnaði styttri. Þeir sem fóru austur heimsóttu helst Egilsstaði, Hengifoss og Stuðlagil, fóru í gönguferðir og nutu náttúrunnar. Þrátt fyrir fámennan hóp voru viðbrögð við dvöl á Austurlandi almennt mjög jákvæð.

Niðurstöður könnunarinnar eru í góðu samræmi við fyrri rannsóknir RMF á Akureyrarflugvelli. Á árunum 2009–2012 voru gerðar kannanir meðal erlendra ferðamanna í beinu flugi til Akureyrar yfir sumartímann og árið 2018 meðal farþega í tengiflugi um Akureyri til Keflavíkur. Þær sýndu að ferðamenn sem komu til landsins um Akureyri dvöldu lengur á Norðurlandi, fóru síður um aðra landshluta og voru (að minnsta kosti fyrst um sinn) oftast í heimsókn hjá vinum og ættingjum. Þótt samsetning farþega hafi breyst með tímanum hefur það haldist að ferðamenn sem fara beint um Akureyri verja megninu af dvöl sinni á Norður- og Austurlandi og fara sjaldnar á önnur svæði. Þetta bendir til að beint millilandaflug til Akureyrar skapi raunverulega viðbót við ferðþjónustu í landshlutanum.

Ekki er unnt að fullyrða hvort ferðamenn sem nýttu sér þetta flug hefðu annars dvalið jafn lengi, þar sem samanburður við sambærilegan hóp sem kemur um Keflavík er ekki til staðar. Hins vegar styðja niðurstöðurnar þá ályktun að beint millilandaflug hafi áhrif á ákvörðun um ferðalagið sjálft og móti ferðamynstur. Því er ástæða til að halda áfram reglulegum könnunum á Akureyrarflugvelli. Þær veita mikilvægar upplýsingar um hegðun, neyslu og upplifun ferðamanna og eru lykilforsenda þess að hægt sé að styðja við markmið um sterka, sjálfbæra og heilsársferðþjónustu á norðausturhluta landsins. Æskilegt væri einnig að kanna betur viðhorf ferðamanna með eiginlegum aðferðum, svo sem stuttum könnunarviðtölum, þannig að betri innsýn gefist í viðhorf þeirra og ákvörðunarvalda.





RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

---

ICELANDIC TOURISM  
RESEARCH CENTRE

2025